



INNLEIÐING MENNTASTEFNU UM NÁM ÁN AÐGREININGAR KORTLÖGÐ (MIPIE)

Aukin áhersla á að stefnumótendur sýni fram á hvernig stefnumál stuðla því að nám án aðgreiningar festi sig í sessi verður til þess að safna þarf á kerfisbundinn hátt eigindlegum og meginindlegum upplýsingum sem veita svör við lykilspurningum og nota má í hverju landi til langframa til að kortleggja þróunina þar, og gera jafnframt samiburð milli landa á þróun mála.

Verkefnið „Innleiðing menntastefnu um nám án aðgreiningar kortlögð“ var unnið á vegum Evrópumíðstöðvarinnar fyrir þróun í sérkennslu og hlaut styrk frá símenntunar-áætlun Evrópusambandsins skv. samningsnúmerinu: 510817-2010-LLP-DK-COMENIUS-CAM. Verkefnið var unnið á einu ári af rúmlega 60 sérfræðingum frá 27 löndum:

Austurríki, Belgíu (flæmsku- og og frönskumælandi hlutum), Bretlandseyjum (Englandi, Skotlandi og Wales), Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Frakklandi, Grikklandi, Hollandi, Írlandi, Íslandi, Ítalíu, Kýpur, Lettlandi, Litháen, Lúxemborg, Möltu, Noregi, Portúgal, Póllandi, Slóveníu, Spáni, Sviss, Svíþjóð, Tékklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi.

Meginmarkmið verkefnisins var að byggja á því starfi sem fram fer á lands- og Evrópuvísu – með því að nota upplýsingar sem safnað var í viðkomandi löndum meðan verkefnisvinnan fór fram – og móta tillögur sem lýsa í grófum dráttum hvernig nýta skuli gagnasöfnun á lands- og Evrópuvísu til framtíðar til að kortleggja hvernig mennta-

stefna um skóla án aðgreiningar er innleidd.

Sérstök áhersla var lögð á að stefnumótandi aðilar frá 27 löndum kæmu að verkefninu til að:

- gera grein fyrir því hvaða upplýsingum stefnumótendur þurfa að hafa aðgang að;
- tilgreina hvaða upplýsingar eru nú þegar til staðar;
- sýna fram á hvað vantar inn í fyrirliggjandi upplýsingar;
- gera nákvæmar tillögur um hvernig safna megi nauðsynlegum upplýsingum í framtíðinni sem nota skuli til að kortleggja stöðuna í einstökum löndum og bera saman aðstæður í Evrópulöndunum.

Tvær ráðstefnur voru haldnar meðan unnið var að verkefninu – í Brussel í desember 2010 og Búdapest í mars 2011. Báðar voru þær haldnar í samvinnu við menntamálaráðuneyti viðkomandi landa og markmiðasetning var í báðum tilvikum skýr og tengdist úrvinnslu úr hugsanlegum niðurstöðum verkefnisins, þar með talið lokatilmælum þess.

Hægt er að nálgast verkefnisskýrsluna í heild sinni, báðar ráðstefnuskýrslurnar, samantekt á söfnun allra landsgagna sem og allt efni sem tengist verkefninu á slóðinni:

<http://www.european-agency.org/agency-projects/mipie>



© European Agency for Development in Special Needs Education 2011



Framkvæmdastjórn ESB styrkti þetta verkefni. Þetta rit endurspeglar aðeins skoðanir höfundar, og framkvæmdastjórn ESB ber ekki ábyrgð á því hvernig viðkomandi upplýsingar kunna að verða notaðar.